

Eystrahorn

18. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 16. maí 2019

www.eystrahorn.is

Flöskuskeyti á Suðurfjörum


Það kom margt í ljós í strandhreinsuninni laugardaginn 4. maí. Fyrir undirritaðar voru þó tvö flöskuskeyti sem fundust það markverðasta.

Fyrri flöskuskeytið fann Hildur Ósk og var það í glerflösku. Það var sent 1. janúar 2016 og var frá Helgu Kristeyju sem býr á Höfn. Það hefur því ekki farið langt en engu að síður mikilvægt að það fannst og sendandinn hefur verið látinn vita. Helga Kristey man ekki hvaðan hún sendi flöskuskeytið af stað.

Seinna flöskuskeytið var í plasthylki sem var lokað með plasttappa. Þegar hylkið var opnað var þar blár bréfmíði með ýmsum upplýsingum. Þessu hylki hafði verið varpað í sjóinn 31. ágúst 2018 og er hluti af vísindaverkefni sem

kallast „OceanCurrentsTest“. Finnandi er beðinn um að senda upplýsingar um tíma og staðsetningu þegar skeytið fannst, og litinn og bókstafinn á blaðinu. Eftir smá leit á vefnum var hægt að finna ítarlegri upplýsingar um verkefnið en í ágúst 2018 voru sett plasthylki á þremur stöðum í sjóinn vestan við Svalbarða. Ætlunin er að safna saman upplýsingum um hafstrauma í Íshafinu og tengja við sjávarhita. Hver staður hafði sinn lit og eins var sjávarhiti þar mældur. Fyrsti staðurinn hafði bókstafinn A á rauðum lit og þar var sjávarhiti 7 °C. Svæði 2 hafði bókstafðinn B á gulum lit og þar var sjávarhiti 4,4 °C. Sjávarhiti á síðasta staðnum var -0,5°C og þau hylki höfðu bókstafinn C og voru blá eins og hylkið sem fannst á Suðurfjörunum. Á hverjum stað voru sett 300 hylki í sjóinn. Umsjónarmenn verkefnisins færa inn upplýsingar um fundarstaði hylkjanna eftir því sem að þær berast. Þeir hafa nú þegar svarað póstinum sem var sendur þegar hylkið á Suðurfjörunum fannst og þakkað fyrir upplýsingarnar. Í pósti þeirra kemur einnig fram að með verkefninu sé á tiltölulega ódýran máta hægt að sýna stefnu hafstrauma. Þannig hafa hingað til öll skeytin sem hafa fundist færst til suðurs frá Svalbarða.

Á meðfylgjandi myndum má



Fundarstaður hylkjanna frá nóvember 2018 – 4. maí 2019.

annars vegar sjá hylkið sem fannst á Suðurfjörunum og hins vegar hvar hylkin sem var varpað í sjóinn vestan við Svalbarða hafa fundist. Miðað við þann fjölda hylkja sem var settur í sjóinn hjá Svalbarða á síðasta ári er ekki ólíklegt að fleiri hylki eigi eftir að finnast við strendur Íslands.

Fyrir þá sem vilja er hægt að nálgast meiri upplýsingar um verkefnið á þessari slóð: <https://www.facebook.com/>

[eugeniusz.moczydlowski/posts/2392172790795972](https://www.facebook.com/eugeniusz.moczydlowski/posts/2392172790795972)

Hildur Ósk Christensen og Hjördís Skírnisdóttir finnendur flöskuskeytanna



Hylkið sem fannst á Suðurfjörum

Kiwanisklúbburinn Ós styrkir Körfuboltadeild Sindra



Álfgeir, Jakob og Barði, félagar í Ós.



Hjálmar formaður körfuboltadeildar Sindra og Pétur forseti Kiwanisklúbbsins Ós

Á síðasta fundi Kiwanisklúbbsins Ós fyrir sumarleyfi, en hann er ávallt haldinn á vígsludegi klúbbsins, mætti formaður Körfuknattsleiksdeild

Sindra, Hjálmar Jens Sigurðsson og tók á móti styrk vegna sölu K-lykils frá forseta Ós, Pétri Bragasyni.

**SORG OG MISSIR
FRÆDSLUSAMVERA**

Þriðjudagskvöldið 21. maí kl. 20:00 heimstíklar sr. Vigfús Bjarni Albertsson
Hafnarkirkju og á með okkur kvöldstund þar sem hann ræðir sorg og missi.



Vigfús Bjarni þekki eflaust einhverjar en hann hefur starfað sem spúkrálfsprestur í fjöklamörgum ári á Landsspítalanum.

Aðgangur er ókeypis og eru allir þeir sem missi hafa einhvern nákomnum sérstaklega hvattir til að meta.

EYSTRAHORN

**Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR**

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi
Hornafjarðar 2010-2030, Skaftafell III og IV**

Bæjarsjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skaftafell III og IV liggur sunnan við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli, fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði er í um 1.500 m fjarlægð. Skaftafell er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins og er í aðalskipulagi skilgreint sem einn af megin seglum ferðabjónustu í sveitarfélaginu. Markmið breytingarinnar er að heimila uppbyggingu gistingar og íbúðar/starfsmannaíbúða og þjónustuhúsa, allt að 5.200 m² í landi Skaftafells III og IV til þess að auka þjónustu við þann fjölda ferðafólks sem kemur í Örafín.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 16. maí nk. til mánudagsins 1. júlí 2019 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b 105 Reykjavík.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kyrningu/>. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til **mánudagsins 1. júlí 2019**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí. 4708000 / www.hornafjordur.is

Ólöf Kristín Ólafsdóttir augnlæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana **3. - 6. júní nk.**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.
Tekið er við kortum .



**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS**

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Úmbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



SAMVERUSTUND Föstudaginn 24. maí. Síðasta samverustundin að sinni. Farið verður í rútuferð um Höfn. Farið frá Ekru kl. 15:30. Hulda Laxdal Hauksdóttir býður okkur leiðsögn (Höfn staðarleiðsögn). Íshúsið býður okkur í pizzuhlaðborð. Félagar tilkynnið þátttöku í ferðina til Hauks í síma 897-8885 fyrir kl. 17:00 sunnudaginn 19.maí.

**MINNUM Á MÁLÞINGIÐ Í NÝHEIMUM
MIÐVIKUDAGINN 22.MAÍ KL. 10:30 TIL 17:00.**

FERMINGAR- & ÚTSKRIFTARGJAFIR

Rúm, verð frá 89.400 kr, dýnuhlíf fylgir með. Fallegar fermingar- og útskriftargjafir: Náttborð, rúmföt, rúmteppi, speglar, hillur, lampar, tjöld og svefnpokar frá Everest og skartgripir frá Sign og Asa.

Vorum að fá nýja sendingu af fallega grænum og blómstrandi pottablómum.

Húsgagna

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664
Opíð: virka daga kl. 13:00 - 18:00

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA



ReSound
rediscover hearing

Verðum á heilsugæslunni á Höfn í Hornafirði **föstudaginn 31. maí**

Verið velkomin

**Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu**



Góð heyrn glæðir samskipti

Tímamantanir 534 9600

Heyrn • Hlíðasmári 11
201 Kópavogi • heyrn.is

Hornafjörður, sveitarfélag með vistvænum samgöngum og auknu íbúalýðræði

Í athyglisverðri forsiðugrein í Eystrahorni 9. maí s.l. kynnr Árdís Erna Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafulltrúi þátttöku Sveitafélagsins Hornafjarðar, í norrænu samvinnuverkefni sem fjallar um vistvæna ferðamáta á göngu- og reiðhjólástígum ásamt auknu íbúalýðræði í lítlum og meðalstórum bæjum á Norðurlöndum.

Þegar gengið var til sameiningar Hafnar og Nesjahrepps á sínum tíma kom fram hugmynd um að gera góðan göngu- og hjólástíg með götulýsingu milli Nesjahverfis og Hafnar. Þessi hugmynd naut fylgis á sínum tíma þótt hún hafi ekki komið til framkvæmda. Er ekki kominn tími til að dusta af henni rykið, einmitt nú, af þessu tilefni? Ég sé reyndar í grein Árdísar að höfuð áhersla vinnuhópsins hjá bænum skal lögð á mótun skipulags um vistvæna ferðamáta á Höfn. eru áformin um sameiginlegt sveitarfélag ekki lengur í gildi?

Í annan stað voru umræður í gangi um

nýja brú og veg yfir Hornafjarðarfljót, ekkert sérstaklega vegna sameiningar sveitarfélaga, fremur sem hluti af viðvarandi umræðu í A-Skaftafellssýslu í meira en hálfa öld vegna þrotlausra verkefna í samgöngumálum. Mér er ofarlega í minni, frá þessum tíma hugmyndir fólks á Höfn um leiðir til að fá hringveginn inn í og gegnum Höfn með aukinn ávinning af þjónustu við umrennandi ferðafólk í huga. Til að svo mætti verða þurfti þjóðvegurinn að liggja um Suðurfjörur, brú frá Melatanga yfir í Ósland með vegi inn á Víkurbraut eða frá Óslandi að Leiðarhöfða meðfram Sandbakka inná þjóðveg yfir Stekkakeldu. Þessar hugmyndir hlutu ekki brautargengi, en hugsunin um tengingu hins nýja vegar sem næst Höfn birtist skýrt í áforminu um tengingu við austurlandsveg við Hafnarnes. Með því er valin lakasta leiðin fyrir nýjan veg yfir Fljótin varðandi landsþjöll á umhverfi og landslagi ásamt eignaupptöku landeigenda, með lítilsháttar styttingu hringvegur

með miklum kostnaðarauka af opinberu fé umfram ýmsar aðrar leiðir. Sveitarstjórnin gengur hér óhikað gegn hagsmunum margra íbúa, bænda/landeigenda og okkar sem metum mikils landslag, lífríki og náttúru staðarins almennt án mikilla hagsmuna með tilliti til samganga.

Í grein Árdísar frá 9. maí s.l. eru kynnt áform bæjarstjórnar um aukið íbúalýðræði í sveitarfélaginu. Virkt íbúalýðræði var löngu fundið upp og tekið í notkun í A-Skaftafellssýslu ekki síst í forgangsröðun opinberra framkvæmda t.d. samgöngumálum á síðustu öld. Svokallaðir bænda fundir, árleg þing, öllum opin, með 30-40 tilnefndum fulltrúum úr öllum sveitarfélögum, 6 að tölu, komu saman og fjölluðu um brýnustu framfaramál héraðsins, samgöngu-heilbrigðis- og menningarmál ásamt fleiru. Þessu skiluðu fundirnir í tillögum frá viðkomandi nefndum á 2-3 dögum eftir atvikum. Almennir fundir reynast ónýt tæki til að auka og virkja íbúalýðræði, enda sækja þá fáir alla jafna. Í grein Árdísar boðar

hún sérhannaða spurningakönnun til að auka almenna aðkomu að skipulagsferlinu um vistvænar samgöngur og aukið íbúalýðræði. Ég hefði viljað sjá hnitmiðaðar sérhannaðar spurningakönnunir til að virkja íbúalýðræði við ákvarðanatöku og nýjar brýr og veg yfir Hornafjarðarfljót. Mér osþýður kæruleysi/úrræðaleysi svokallaðrar bæjarstjórnar Hornafjarðar við undirbúning þessara vegaframkvæmda.

Stórnýsflan klikkar og hefur ekki annað en valdniðslu að bjóða. Hreppsnefnd Hafnar var ekki verri en hver önnur í hreppnum hér fyrir sameiningu þeirra. Hún veldur hinsvegar ekki núverandi hlutverki sínu sem Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, en er fóst í gömlum hjólförum sem Hreppsnefnd Hafnarhrepps þegar síst skyldi og mest reynir á.

Sævar Kr. Jónsson

Heimili Fasteignasala kynnr til sölu: Nýtt raðhús við Fákaleiru.

Fallegar íbúðir í nýju raðhúsi. Gengið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Úr forstofu er gengið inn í parketlagt alrými, sem samanstendur af eldhúsi, borðkróki og stofu. Í eldhúsi er falleg innrétting með plássi fyrir uppþvottavél. Rúmgóður borðkrókur. Stór og rúmgóð stofa. Flísalagt baðherbergi með sturtu og innréttingum fyrir þvottavél og þurrkara, mjög gott skápláss. Fataskápar eru í svefnherbergjum. Stór fataskápur í hjónaherbergi. Úr hjónaherbergi er gengið út í garð. Geymsla í sameign.

Íbúðirnar afhendast 1. desember fullbúnar með frágenginni lóð.



Upplýsingar gefur
Guðbjörg Anna Bergsdóttir,
löggtur fasteignasali og lögmaður
sími: 866-8312
netfang: guðbjorg.anna@heimili.is

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Næsta námskeið

Námskeiðið Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar verður haldið í Ekru á Höfn miðvikudagana 22. maí 29. maí. 5. júní og 12. júní kl. 19:30-21:30. Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti.

Hvernig er hægt að:

- Koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika?
- Hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni?
- Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu?
- Nota aga á jákvæðan og árangurstríkan hátt?
- Kenna börnum æskilega hegðun?
- Takast á við venjuleg vandamál í uppeldi?

Námskeiðið Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Námskeiðið er partur af lýðheilsustefnunni og kennt í samstarfi hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfara.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til framtíðar.

Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið hentar öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Þátttakendur þurfa að skrá sig á heilsugæslustöðinni, sveitarfélagið býður öllum foreldrum barna á leikskólaaldri námskeiðið þeim að kostnaðarlausu.

Námskeiðið byggir á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.

Skráning á netfangið hsu@hornafjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í síma 470-8600 frá kl 11:00 virka daga .

**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUDURLANDS**

SUMAROPNUN

Sumaropnun sundlaugar Hafnar hefst eftir 15. maí.

Er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl.6:45-21:00

Laugardaga og sunnudaga kl.10:00-19:00

Starfsfólk sundlaugar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708800 / www.hornafjordur.is

**Vortónleikar
Kvennahórs Hornafjarðar**

23.maí í Hafnarkirkju
Tónleikarnir hefjast kl.20:00

Miðaverð er 2.500 kr.

“Er gott að eldast?”

Staða eldri borgara í nútíð og framtíð á Hornafirði
Málþing 22. maí í Nýheimum kl. 11:00 17:00

Dagskrá:

- 10:30 Skráning og kaffi.
11:00 Málþing sett.
11:15 “Er gott að eldast á Hornafirði?” Haukur Þorvaldsson formaður Félags eldri Hornfirðinga.
11:35 Hvað er öldungaráð? Sigurlaug Gissurardóttir formaður Öldungaráðs Hornafjarðar.
11:50 Hvernig er þjónusta sveitarfélagsins í dag og framtíðarsýn? Jörgína E. Jónsd. deildarstj. heimaþjónustudeildar., Jóna Bára Jónsd. hjúkr.fr. heimahjúkrunar., Guðrún Dadda Ásmundardóttir. framkv.stj. HSU Hornafirði.
12:15 Hádegisverður.
13:00 Stefna sveitarfélagsins í húsnæðismálum
13:40 Búmenn kynna starfsemi sína
14:20 Heilsueflandi sveitarfélag Herdis Waage tólmundarfulltrúi
14:40 Kaffihlé í miðrymi Nýheima.
15:00 Velferðartækni og nýjustu áskoranir.
Arnar Guðmundur Ólafsson frá Reykjavíkurborg.
15:20 Memaxi – bætt samskipti og þjónusta.
Ingunn Ingimarsdóttir framkvæmdarstjóri Memaxi.
15:50 Allt er áttæðum fært /Grái herinn.
Ásdís Skúladóttir fulltrúi Grá hersins.
16:10 “Er gott að eldast?”
Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landsambands eldri borgara.
Málþingstjóri
Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri
Skráningar eru á netfangið hsu@hornafjordur.is eða í síma 470-8600.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

MFL. KARLA 2018-2019



SUBWAY



TAKK FYRIR OKKUR

Körfuknattleiksdeild Sindra þakkar stuðningsaðilum, sjálfboðaliðum, aðdáendum og öllum sindramönnum kærlega fyrir samfylgdina í vetur í frumraun liðsins í 1. deild

Hlökkum til að sjá ykkur aftur í haust og treystum á áframhaldandi stuðning.

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi, Lambleiksstaðir

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lambleiksstaðir samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með gerð breytingar á deiliskipulagi fyrir Lambleiksstaði er að efla byggð og styrkja atvinnulíf. Ferðaðjónusta hefur lengi verið á Lambleiksstöðum og með gerð þessarar breytingar er rekstrargrundvöllur styrktur, skipulagssvæðið stækkað og skipt í byggingarreiti A-D hver með sína húsabyrpingu. Breytingin á deiliskipulaginu tekur til frekari uppbyggingar á gistiaðstöðu og nýbygginga fyrir ferðaðjónustu. Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 16. maí nk. til og með mánudagsins 1. júlí 2019. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 1. júlí 2019. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofum Hornafjarðar, Hafnarbraut 27.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

HJÓLANÁMSKEIÐ Á HÖFN Í LOK MAÍ

Hjólanámskeið fyrir börn og fullorðna
Lifandi kennsla í hjólaferni, á götu,
malarvegi og einnig á stígum í náttúrunni í
hvers kyns skemmtilegu fjallahjólabrólti.
Námskeiðið skilur hjólareiðarmanninn eftir
glaðan, öruggan og hungraðan í að hjóla
meira!

NÁNAR AUGLÝST Á VIÐBURÐINUM
“HJÓLANÁMSKEIÐ Á HÖFN” Á FACEBOOK!



 TINDUR



Rafhorn er nýr þjónustuaðili Símans á Höfn

Það gleður okkur að tilkynna að Rafhorn hefur tekið við sem þjónustuaðili Símans á Höfn. Af því tilefni verða ráðgjafar Símans á staðnum miðvikudaginn 22. maí frá kl. 13–16 og fimmtudaginn 23. maí kl. 10–16.

Þú getur meira með Símanum





VIÐ LEITUM AÐ HRESSU SUMAR- STARFSFÓLKI Á HÖFN

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini, vörumóttöku, áfyllingar, þrif og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Góð íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í starfi

Umsóknir á **olis.is**.

Umsóknarfrestur er til 30. maí.

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum.

SUMARSTÖRF Á OLÍS HÖFN



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn